

**Nd.**

### **480. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Orðin „og hverjar kröfur skuli gera . . .“ o. s. frv., til enda greinarinnar, falli niður.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og dreifir þeim út á meðal allra“ komi: og lætur afhenda þær til.
3. Við 4. gr. Við gr. bætist: gegn þóknun, er ráðherra ákveður.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „og innheimtir lögreglustjóri . . . um leið og skattskrár“ komi: ef skólaskyld barn á heimilinu hefir fengið námsbók á því ári. Um þetta gefur skólanefnd lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu árlega, er fylgi viðurkenning heimilisföður fyrir móttöku námsbókar á því ári, og skal námsbókargjaldið innheimt samkvæmt henni.
5. Við 9. gr. Greinin falli niður.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „og úthýta til“ komi: og láta afhenda.
7. Við 15. gr. Síðasti málslíður falli niður.